



Faghópur leikskólaliða

Ársfundur

Ársfundur var haldinn mánudaginn 28. apríl 2008, áður hafði verið haldinn stofnfundur 5. mars 2008.

Á stofnfundinum 5. mars 2008 var Þuríður Ingimundardóttir kosin fundarstjóri og kynnti hún undirbúningshóp stjórnar en í honum eru Elín Jónsdóttir, Erna Haraldsdóttir, Ruth Arelíusdóttir, Sigurrós Kristinsdóttir og Þuríður Ingimundardóttir. Ákveðið var að stjórnin myndi skipta með sér verkum og var það samþykkt af félagsmönnum.

Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar, hóf fundinn á því að lesa tillögu Eflingar-stéttarfélags um samþykktir um faghóp leikskólaliða. Tillagan var samþykkt af félagsmönnum með handauppréttingum. Ruth Arelíusdóttir kynnti könnun um áframhaldandi nám fyrir leikskólaliða. Leikskólaliðar fengu afhent eyðublað til að fylla út óskir um frekara nám. Erna Haraldsdóttir afhenti öllum á fundinum umsóknareyðublað þar sem hægt var að skrá sig í faghóp leikskólaliða.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, kom á fundinn og óskaði leikskólaliðum til hamingju með þennan merka dag. Hann hvatti okkur og talaði um að hópurinn gæti beitt sér þegar kæmi að kjarasamningum og námsleiðum fyrir leikskólaliða.

Sigurrós Kristinsdóttir ræddi um frumvarpið sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, er að leggja fyrir á Alþingi. Efni þess er að lengja nám leikskólakennara úr 3 árum í 5 ár og að leikskólakennarar manni flestar stöður á leikskólum og Eflingar starfsmenn verði einungis ráðnir í eitt ár í senn. Sigurrós Kristinsdóttir og Sigurður Bessason hafa lagt fram athugasemdir við þetta frumvarp.

Lögð var fram fyrirspurn til leikskólaliða á fundinum um að hvort ætti að leifa nemum í leikskólalabru að mæta á félagsfundi. Það var samþykkt einróma. Það kom einnig fram á fundinum

að þegar borgin auglýsir eftir starfsfólki í leikskólum ætti einnig að koma fram að óskað væri eftir leikskólaliðum.

Sigurrós Kristinsdóttir fékk fyrirspurn um starfsmatið, hvort að það ætti ekki að fara að meta starf leikskólaliða. Hún sagði að það væri búið að velja fjóra eða fimm starfsmenn í matið og það yrði framkvæmt í mars.

Aðalfundur var ákveðinn mánudaginn 28.apríl í Kiwanishúsinu Engjateig 11. kl. 20:00
Niðurstöður úr könnun um framhaldsnám verða kynntar á aðalfundinum.
Fundarstjóri sleit fundinum kl. 18:40, fjöldi fundargesta voru 49. Útskrifaðir leikskólaliðar eru 74.

Á ársfundi leikskólaliða 28. apríl 2008 var Þuríður Ingimundardóttir fundarstjóri og fór yfir ársskýrslu leikskólaliða.

Dagskrá fundarins: venjuleg ársfundarstörf, kosning stjórnar, niðurstöður úr könnun sem gerð var á stofnfundi kynntar, fyrirlestur sem Berglind Agnarsdóttir flutti um töfra sagnaheimana, önnur mál. Ný stjórn leikskólaliða kynnt.

Fundarstjóri kynnti nöfn þeirra sem buðu sig fram til stjórnarsetu fyrir leikskólaliða næstu tvö árin. Þau eru Þuríður Ingimundardóttir, Erna Haraldsdóttir, Sigurrós Kristinsdóttir, Ruth Arelíusdóttir og Elín Jónsdóttir.

Ný stjórn var kjörin með handauppréttingum allra félagsmanna.

Sigurrós Kristinsdóttir bauð fundargesti velkomna og hóf fundinn.

Nemar í leikskólabrú voru sérstaklega boðnir velkomnir á þennan ársfund leikskólaliða. Einnig var stjórn Faghóps félagsliða boðin velkomin á fundinn.

Erna Haraldsdóttir kynnti niðurstöður könnunar sem fram fór á stofnfundi leikskólaliða þann 5. mars 2008. Niðurstöður voru að leikskólaliðar höfðu mestan áhuga á framhaldsnámi um **börn með sérþarfir**.

Sigurrós sagði frá því að viðbótarnám fyrir leikskólaliða gæti orðið að veruleika jafnvel í haust og að það muni gefa leikskólaliðum viðbótar einingar. Einnig tilkynnti Sigurrós að breytingar væru væntanlegar á fagnámskeiðum leikskólanna. Að þau kæmu til með að vera tvö 100 st. námskeið og yrðu þá í lok maí eða byrjun júní. Sigurrós hvatti félagsmenn að nýta sér kynningu á námsleiðum fyrir starfsmenn leikskólanna sem fram fer þann 8. maí 2008. Þeir sem standa að þessari kynningu eru Mímir og Borgarholtskóli en það verður einnig starfsmaður frá Eflingu á staðnum.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, tók til máls og óskaði nýkjörni stjórn til hamingju og sagði nokkur falleg orð við okkur.

Berglind Agnarsdóttir flutti fyrirlestur um töfra sagnaheimanna. Hún sagði okkur sögur og útskýrði hvaða tilgang sögur gefa börnum. Fundargestir lifðu sig svo sannarlega inn í söguheim

Berglindar en hún var alvega frábær að segja sögur og var mikið hlegið. Það var gott að upplifa hvernig það er að hlusta á góðar sögur og hvað það gefur börnum mikið.

Um 40 nemar sóttu um í Faghópi leikskólaliða.
Fundu slitið kl. 21.40 , fjöldi fundargesta var um 90.
Ritari er Elín Jónsdóttir.